



Frá: Eðvald Eir nar.stefansson@barn.is>
Sent: miðvikudagur
Til: Fjallabyggj **UMBOÐSMANNA**
Efni: Barnaþing 1. nóvember - þátttaka barna í sveitarfélaginu **BARNA**

Flokkar: Vistað í OneCRM; 2108021
One: -1

Reykjavík 17. ágúst 2021

Siglufjörður.

Barnaþing í Hörpu í Reykjavík dagana 18.-19. nóvember 2021.

Barnaþing umboðsmanns barna verður haldið í annað sinn í nóvember á þessu ári en fyrsta þingið var haldið árið 2019. Reynslan af fyrsta barnaþinginu var mjög góð og upplifun barnanna sem tóku þátt var afar jákvæð.

Þingið verður sett eftir hádegi þann 18. nóvember nk., með formlegri dagskrá, en þann 19. nóvember verða umræður í þjóðfundarstíl með þátttöku barna og fullorðinna. Niðurstöður barnaþings verða síðan kynntar ríkisstjórninni sem mikilvægt framlag til stefnumótunar um málefni barna.

Alls fengu 350 börn boð um að koma á barnaþingið nú í nóvember og hafa um 140 þeirra skráð sig til þátttöku. Börnin voru valin með slembivali frá Þjóðskrá og koma víða að af landinu. Bréf þetta er sent á öll þau sveitarfélög sem eiga fulltrúa á barnaþinginu 2021. Í boði er ferðastyrkur fyrir þau börn sem koma lengst að en ljóst er að í einhverjum tilvikum verður ferðakostnaður hærri en upphæð ferðastyrksins. Því biðlum við til sveitarfélaga barnaþingmanna um að þau tryggi að börnin fái þann stuðning sem þau þurfa á að halda til að sækja barnaþingið.

Líkt og óskað var eftir í aðdraganda barnaþingsins 2019 er farið þess á leit að nýju að sveitarfélög tilnefni tengilið við embætti umboðsmanns barna. Hlutverk tengiliða er að hafa milligöngu um þátttöku barna úr sveitarfélaginu á þinginu. Vinsamlegast sendið inn tilnefningu tengiliðar fyrir 1. september næstkomandi með því að senda tölvupóst á netfangið barnathing@barn.is.

Frekari upplýsingar um barnaþing 2021 má finna á vefsíðunni barnaþing.is. Þar má einnig finna svör við algengum spurningum um fyrirkomulag og framkvæmd barnaþings. Þá er hægt að hafa samband við skrifstofu umboðsmanns barna í síma 552-8999 eða með tölvupósti á netfangið ub@barn.is ef frekari upplýsinga er óskað.

Bestu kveðjur,

Salvör Nordal

Salvör Nordal, umboðsmaður barna